

II.

Mér féll heldur illa við vinnuna á járnbrautinni fyrst í stað. En svo er það fátt, sem maður venst ekki við. Þegar eg var búinn að vinna two til þrjá mánuði, þá var eg orðinn svo vanur við rekuna og mölina, að eg fann ekki lengur til leiðinda og óánægju. Eg gat þá gaufað og mokað allan liðlangan daginn, hálfboginn með kreptar hendurnar utan um rekuskaftið. Yfir höfuð vissi eg ekkert annað, en eg var kominn til Ameríku, var þar einmana einstæðingur innan um marga tugi af illa vöndum mönnum frá öllum löndum, sem krossbölvuðu öllu, í jörðu og á, frá því þeir tóku opin augun á morgnana og þangað til þeir sofnuðu á kvöldin. Þeir töludu aldrei um nokkurt það málefni eða hluti, sem lýsti því, að þeir hugsuðu nokkuð eða hefðu þekkingu á einu eða öðru, nema moka, moka grjótmöl og sandi. Á því var engin umbreyting né umbreytingarskuggi. Fyrsta mánuðinn var eg með íslenzkum verkstjóra, sem hafði um 30 íslendinga í mokstri. Eg þóttist meira en lítið heppinn, mállaus og veikur eftir ferðina, að vera með þeim. Margir af okkur voru veikir af hinni svo nefndu „sumarveiki“, sem svo er nefnd hér í Ameríku, og orsakast af ofraun, vondu neyzluvatni eða slæmu fæði. Verkstjórinn var allra bezti maður, og vildi fara vel með okkur. Hann kom þess vegna brautarfélaginu til að kaupa tvær rauðskjöldóttar kýr, og átti þá heldur en ekki að gæða „landanum“ á kúamjólk, sem íslendingar hafa ætið mikil uppáhald á. Þetta gekk nú allt ljómandi fyrstu vikuna, þá tók litla Skjalda upp á því, okkur öllum til mikillar sorgar, að ganga fram fyrir flutningslestina og láta hana senda sér sex til átta faðma út af brautinni, skilja þannig við okkur og þetta líf í einu hendingaskasti. Það sló sorg og kvíða yfir okkur, að missa litlu Skjöldu, því hún var miklu betri mjólkurkýr en stóra Skjalda. En við máttum sitja með skaðann. Gamall landi af Vesturlandi var í þessum hóp. Hann var latur og kenjóttur og illa dæll. Hann hafði komist af hreppsnað vestur um haf. Hann sótti um, að mjólkka kýrnar, þegar þær komu til sögunnar, og náði því embætti, en hann var aldrei skemur að mjólkka hverja kú en heilan klukkutíma, og venjulega vorum við farnir að moka áður en karlinn koni með mjólkina. Eftir fráfall litlu Skjöldu fór fyrir